

Móttakið frá stjórnvaldi

12. Nóv. 2018

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS



Umboðsmaður Alþingis
Tryggvi Gunnarsson
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 8. nóvember 2018

Tilv.: VEL17120354/06.55

Efni: Svar við beiðni umboðsmanns Alþingis um upplýsingar varðandi geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fanga.

Velferðarráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 10. október sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu við fanga. Ráðuneytið fagnar frumkvæði umboðsmanns að kalla eftir og kanna frekar stöðu í málum er varða geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu við fanga.

Ráðuneytið hefur lagt fyrir Sjúkratryggingar Íslands samningsforsendur vegna samnings á milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Sjúkratrygginga Íslands um almenna heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsinu á Hólmsheiði. Í samningsforsendunum er gert ráð fyrir auknu og öruggu aðgengi fanga að geðheilbrigðisþjónustu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur, samhliða samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands, átt í viðræðum við Landspítala um þá þjónustu geðdeildar Landspítala sem nauðsynleg er til að tryggja fullnægjandi geðheilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsinu á Hólmsheiði. Sameiginlegt mat þessara stofnana er að geðdeild Landspítala veiti þjónustu sem samsvari 10% stöðugildi geðlæknis og 10% stöðugildi geðhjúkrunarfræðings.

Gert er ráð fyrir að samningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala verði í kjölfarið notaður sem fyrirmynd að samningum milli þeirra heilbrigðisstofnana sem sinna almennri heilbrigðisþjónustu í öðrum fangelsum landsins og geðdeilda Landspítala og/eða Sjúkrahússins á Akureyri. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt og að fangar njóti sömu réttinda og þjónustu óháð afplánunarstað. Gert er ráð fyrir að umrætt fyrirkomulag verði metið og endurskoðað árlega.

Þá vill ráðuneytið koma því á framfæri að ákvörðun geðlæknis um innlögn á geðdeildir sjúkrahúsanna verður ávallt tekin á sömu forsendum og aðrar innlagnir. Þó verður tekið tillit til sérsakra aðstæðna og sérstöðu fanga við matið. Í sumum tilvikum gæti verið um að ræða bráðainnlagnir en í öðrum skipulagðar innlagnir í samráði við stjórnendur mismunandi deilda geðsviða sjúkrahúsanna.

Nú þegar hyllir undir samning, sem felur í sér skýra skilgreiningu á geðheilbrigðisþjónustu við fanga, mun ráðuneytið setja á fót starfshóp sem hefur það að markmiði að endurskoða samkomulag á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar sem undirritað var 2. desember 1997. Samkomulagið lýtur að heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Þar er kveðið á um skiptingu ábyrgðar á þjónustubáttum, milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar. Í samkomulaginu segir m.a. "Fangelsismálastofnun sér um að fangar njóti þjónustu sálfræðings". Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á heilbrigðisþjónustu frá undirritun samkomulagsins og ákvæðis A.2 í athugasemdum með þingsályktunartillögu um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum

til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl 2016, telur velferðarráðuneytið nauðsynlegt að enduskoða umrætt samkomulag um skiptingu ábyrgðar á heilbrigðisþjónustu fanga í fangelsum.

Þá ber að nefna að nú þegar er starfandi starfshópur á vegum velferðarráðuneytisins um bætтар félagslegar aðstæður fanga að lokinni afplánun. Hlutverk starfshópsins er meðal annars að koma með tillögur um hvernig unnt sé að styðja fanga og fyrrum fanga betur til þátttöku í samfélaginu að lokinni afplánun, auka virkni þeirra til atvinnuþátttöku og/eða náms og draga úr félagslegum vandamálum þeirra.

Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að efla geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Velferðarráðuneytið mun hér eftir sem hingað til hafa samstarf við stofnanir sínar, dómsmálaráðuneytið, Fangelsismálastofnun og hvern þann aðila sem þurfa þykir til að aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum, þar með geðheilbrigðisþjónustu við fanga, ná fram að ganga.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra



Elsa B. Friðfinnsdóttir



Þórunn Pálína Jónsdóttir

Samrit: Dómsmálaráðherra